

Miðvikudaginn 6. október 1954.

Nr. 1/1953. Kaupfélag Eyfirðinga (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Útgerðarfélagi Hríseyjar (Ragnar Jónsson).
Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldaskil skv. lögum nr. 100/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1953. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Skuldaskil þau, er í málinu greinir, voru miðuð við 31. desember 1950. Aðiljar eru sammála um, að þann dag hafi stefndi skuldað áfrýjanda kr. 13.244,71, sé ekki tekið tillit til eftirstöðva af verði lifrar, sem stefndi lagði inn hjá áfrýjanda á árinu 1950, en lifrarverðið hafði ekki verið fært stefnda að fullu til tekna um áramótin, vegna þess að það hafði þá ekki verið endanlega ákveðið. Eftirstöðvar þessar reyndust nema kr. 12.021,10. Áfrýjanda var heimilt að láta þessa fjárhæð ganga til greiðslu á skuld stefnda, og hvorki athafnir fyrirsvarsmanna áfrýjanda í sambandi við skuldaskil stefnda né skuldaskilageringurinn eiga að leiða til þess, að áfrýjandi hafi týnt þeim rétti sínum. Eftir að fullnaðarverð á lifur stefnda hafði verið ákveðið, lýsti áfrýjandi því í símskeyti til skuldaskilasjóðs útvegsmanna hinn 6. júlí 1951, að skuld stefnda næmi raunverulega kr. 1.385,61, og var áfrýjanda greidd sú fjárhæð úr skuldaskilasjóði. En samkvæmt því, sem áður greinir, var áfrýjanda rétt að telja skuld stefnda hinn 31. desember 1950 einungis kr. 1.223,61, þegar eftirstöðvar lifrarverðsins höfðu verið færðar honum til tekna. Virðist áfrýjanda því hafa verið greidd úr skuldaskilasjóði nokkru hærri fjárhæð en honum bar. En eigi getur stefndi krafizt

þess mismunar sér til handa, þar sem um er að tefla greiðslu af fé, sem að lögum átti að koma til skipta milli lánardrottna hans.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Eyfirðinga, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Útgerðarfélags Hríseyjar, í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 31. f. m., hefur stefnandi, Þorsteinn Valdimarsson framkvæmdarstjóri f. h. Útgerðarfélags Hríseyjar h/f, Hrísey, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 22. febrúar 1952, á hendur Kaupfélagi Eyfirðinga, Akureyri, vegna útibúsins í Hrísey (ÚKE, Hrísey) og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að greiða kr. 12.021,10 auk 6% ársvaxta frá 20. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara. Þegar málið var munnlega flutt, gerði umboðsmaður stefnanda þá varakröfu, að stefnda yrði dæmt til að greiða kr. 10.934,83 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnað.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi gerir þá grein fyrir aðalkröfu sinni, að stefnuupphæðin sé vangoldin uppbót á lifur, er skip stefnanda, m/s Ver, EA. 401, lagði upp hjá ÚKE, Hrísey, á togvertíðinni 1950. Útibúið tók lifrina til vinnslu og sölumeðferðar fyrir stefnanda, greiddi strax út á hana 50 aura hvern lítra, en að lokinni sölu lýsisins átti útibúið að standa skil á stefnuupphæðinni miðað við verð það, sem fékkst fyrir lýsið, þegar búið var að draga frá vinnslukostnað og sölulaun. Upphæðin hefur ekki verið greidd, og er mál þetta því höfðað. Lifraruppbótina hefði átt að greiða hinn 20. ágúst sl. Stefnda hefur fært upphæðina stefnanda til tekna í viðskiptareikningi og vill nota hana til skuldajafnaðar við kröfu, er hann telur sig eiga á stefnanda. Stefnandi telur skuldajafnaðarheimild ekki vera fyrir hendi. Hér

sé um að ræða geymslufé (depositum irregulare), sem ekki megi nota á þann hátt nema með samþykki eiganda geymslufjárins.

Varakröfuna byggir stefnandi á því, að með skuldaskilasamningi 11. júlí 1951 samkv. lögum nr. 120/1950 hafi kr. 10.982,58 af lýstum kröfum stefnda á hendur stefnanda verið felldar niður. Eigi því að færa þá upphæð til tekna í viðskiptareikningi stefnanda, og er það hafi verið gert, nemi innstæða stefnanda hjá stefnda kr. 10.934,83.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi: Viðskiptum málsaðilja árin 1950 og 1951 var svo háttað, að stefnandi seldi stefnda afla af m/s Ver og fékk honum einnig aflaafurðir til sölumeðferðar. Stefnandi hafði verzlunarviðskipti sín að miklu leyti við stefnda. Viðskiptin voru skráð í viðskiptareikning og héldu áfram frá ári til árs. Um áramót 1950—51 skuldaði stefnandi stefnda kr. 13.244,71. Viðskiptin héldu áfram árið 1951, og var lifrarpuppótin þá færð stefnanda til tekna hinn 20. ágúst. Nam hún kr. 12.021,10. Viðskiptareikningurinn í árslok 1951 sýndi, að stefnandi skuldaði kr. 47,75. Telur stefnda, að krafa stefnanda hafi þannig verið greidd með skuldajöfnuði.

Ekki er fallizt á þá skoðun stefnanda, að skuldajöfnuður hafi verið óheimill, sökum þess að eftirstöðvar af andvirði lifrarinnar hafi verið geymslufé, er stefnda bar að standa skil á í reiðufé, enda var sams konar uppbót frá 1949 gerð upp með skuldajöfnuði síðla árs 1950, og lifrin var eign stefnanda, þótt hluti af kaupi skipshafnar miðaðist við söluverð hennar. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Stefnandi sótti um aðstoð samkvæmt lögum nr. 100/1948 snemma árs 1950, og var skiptaráðanda tilkynnt með bréfi skilanefndar 27. febr. 1950, að beiðni um aðstoð hefði borizt. Stefndi lýsti kröfu á hendur stefnanda með bréfi, dags. 19. okt. 1950, til skilanefndar, að upphæð kr. 17.058,33, enda hafði þá verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna. Í Lögbirtingablaðinu, nr. 7 frá 3. febr. 1951, var síðan birt auglýsing frá skilanefnd, sem nú nefndist stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna, þar sem enn var skorað á skuldheimtumenn að lýsa kröfum sínum fyrir 12. s. m. að viðlögðum kröfumissi og tilkynna um breytingar, er orðið hefðu á kröfupphæð, frá því sem áður hafði verið lýst, og skyldu kröfurnar miðast við 31. des. 1950, en við þau áramót yrðu skuldaskil miðuð. Stefnda tilkynnti stjórn sjóðsins með bréfi 8. febr. 1951 þá breytingu á fyrri kröfulýsingu, að skuld stefnanda hefði lækkað í kr. 13.244,71. Er sú upphæð í samræmi við niðurstöðu viðskiptareiknings stefnanda hjá stefnda í árslok 1950.

Á skuldheimtumannafundi, er stjórn skuldaskilasjóðs hafði boðað til hinn 11. júlí 1951, var lagt fram og samþykkt frumvarp til skuldaskila fyrir stefnanda. Í frumvarpi þessu var krafa stefnda talin kr. 13.244,71, þar af sjóveðskrafa kr. 2.038,00, en almenn krafa kr.

11.206,71. Skyldi sjóveðskrafan greidd að fullu, en almenna krafan með 2%, þ. e. niður skyldu falla kr. 10.982,58. Umboðsmaður stefnda var á fundinum og samþykkti skuldaskilin þannig.

Fáum dögum fyrir fund þennan eða 6. júlí sendi stefnda símskeyti til stjórnar skuldaskilasjóðs, þar sem þannig var skýrt frá, að við endanleg reikningsskil hefði komið í ljós, að stefnandi skuldaði aðeins kr. 1.385,61, og óskað leiðréttingar í samræmi við það. Skeyti þetta barst skuldaskilasjóði hinn 7. júlí, en ekki var tekið tillit til þess í skuldaskilafrumvarpinu, og að sögn stefnda vissi umboðsmaður þess við skuldaskilin ekki um þessa leiðréttingu. Svo virðist sem skuld stefnanda hafi verið talin nema upphæð þessari á þeim tíma, sem skeytið var sent.

Þar sem skuldaskilin miðuðust við áramót 1950—51, var rétt að taka í skuldaskilafrumvarpið skuld stefnanda, eins og hún var þá. Viðskipti málsaðilja eftir þann tíma, sem voru mikil, féllu ekki undir skuldaskil. Þykir því verða að fallast á það með stefnanda, að niður hafi verið fellt við skuldaskilin 98% af kr. 11.206,71, þ. e. kr. 10.982,50. Ber samkvæmt því að taka til greina varakröfu hans og dæma stefnda til að greiða kr. 10.934,83 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. sl. til greiðsludags, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Eyfirðinga, greiði stefnanda, Útgerðarfélagi Hríseyjar h/f, kr. 10.934,83 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.